

Þetta brot hinna ákærðu heyrir undir 163. grein hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegningin, að því er snertir hinn ákærða Jón Guðmundsson, sem kominn er langt yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefir sætt refsingu né ákæru fyrir neitt lagabrot, hæfilega metin í undirréttinum 2 ára betrunarhússvinna, og að því er snertir Engilráð Benediktsdóttur, sem er fædd 22. maí 1863, virðist hegningin, með hliðsjón af 38. gr. hegningarlaganna, einnig hæfilega metin í undirréttardóminum 1 mánaðar einfalt fangelsi. Samkvæmt þessu ber að staðfesta undirréttardóminn einnig að því er snertir málskostnað í héraði, og ber hinum ákærðu einnig öðru sem báðum og báðum sem öðru að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 10 krónur handa hvorum þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Dómur undirréttarins á óraskaður að standa. Hinum ákærðu, Jóni Guðmundssyni og Engilráð Benediktsdóttur ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 47/1880

Landshöfðinginn fyrir hönd
landssjóðsins
gegn
sýslumanni Lárusi Þ. Blöndal.

D ó m u r:

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur kaupstaðar 29. dag júlímán. f. á., var landshöfðinginn yfir Íslandi fyrir hönd landssjóðsins dæmdur til að greiða Lárusi Þ. Blöndal, sýslumanni í Húnavatnssýslu, árlega úr landssjóði frá 1. janúarmán. 1880 1144 krónur og 8 aura sem persónulega viðbót fyrir sjálfan hann auk hinna fast ákveðnu embættislauna 3500 krónur, ásamt 5% ársvöxtum af hinni fyr nefndu upphæð frá 25. maí 1880 þangað til borgun fer fram og enn fremur í málskostnað 20 krónur.

Þessum dómi hefir landshöfðinginn yfir Íslandi fyrir hönd landssjóðsins áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 25. ágústmán. f. á., og þar krafizt, fyrst og fremst, að landssjóðurinn verði sýknaður af öllum kærum og kröfum hins stefnda, Lárusar Þ. Blöndals, í þessu máli, en tif vara, að hann verði sýknaður af kærum og kröfum hins stefnda gegn því að greiða $\frac{5}{12}$ af 1144 kr. 8 a. með 5% ársvöxtum af þessum $\frac{5}{12}$ pörtum frá 25. maí f. á., þangað til borgað er. Svo hefir hann og krafizt, að hinn stefndi verði, hvor þessara krafa sem svo verði til greina tekin, skyldaður til að endurgjalda landsjóði málskostnað allan bæði fyrir undir og yfirdómi skaðlaust eða eftir mati réttarins.

Hins vegar hefir hinn stefndi, sýslumaður Lárus Þ. Blöndal, haldið fram hinum sömu kröfum, sem fyrir undirdómi, sem sé, að landssjóðurinn verði dæmdur til að greiða sér árlega frá 1. degi janúarmanaðar 1880 að telja 1144 kr. 8 a. sem viðbót fyrir sjálfan hann, auk hinna fast ákveðnu launa embættisins 3500 kr., og 5% árlega vexti af 1144 kr. 8 a. frá 25. degi maímán. unz fé þetta er borgað, sem þegar er fallið í gjalddaga eða kann að

falla í gjalddaga áður en borgunin verður og loks til að greiða sér allan þann kostnað, sem mál þetta hefir í för með sér fyrir hann að skaðlausu eða eftir réttarins mati. Auk þessa, sem hann hefir krafizt í héraði, hefir hann krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Hinn stefndi, Lárus Þ. Blöndal, var skipaður sýslumaður í Húnavatnssýslu 12. dag aprílmánaðar 1877. Embættistekjur þær, er honum voru lagðar, voru skattur og gjaf tollur, $\frac{1}{6}$ konungstíundar og lögmannstolls og aukatekjur allar, en greiða skyldi hann sem eftirgjald af sýslunni 600 krónur á ári. Með lögum, dagsettum 14. desember 1877, voru gjöld þessi af numin nema aukatekjurnar, er framvegis skyldu renna í landssjóð, og með öðrum lögum, dagsettum sama dag, voru fast ákveðin laun sýslumanna og bæjarfógeta. Samkvæmt síðast nefndum lögum voru árstekjur sýslumannsins í Húnavatnssýslu ákveðnar 3500 krónur. Frá 6. júnímán. 1878 var hinum stefnda greitt í árleg laun úr landssjóði 3500 kr., og þar að auki 1144 kr. 8 a. viðbót fyrir hann sjálfan, eða með öðrum orðum, jafn há laun og meðaltal tekjanna í Húnavatnssýslu var á 5 ára tímabilinu 1871—75. sbr. lög 14. desbr. 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta 7. gr., og alm. launalög 15. októbermán. 1875, 7. gr. Í fjarlöggunum fyrir 1880—81 var honum ekki ætlað meira í laun en lög 14. desembermán. 1877, 4. gr., leggja sýslumanninum í Húnavatnssýslu, og var þá frá ársbyrjun 1880 hætt að greiða honum þær 1144 kr. 8 a., sem honum áður voru borgaðar sem viðbót fyrir sjálfan hann, eða til-
tölulegan hluta þeirra. Hefir áfrýjandi haldið því fram, að þetta sé samkvæmt lögum 14. desbr. 1877; eftir þeim beri hinum stefnda engin viðbót fyrir sjálfan hann, það sé einungis sérstök undantekning, að þau hafi veitt

þeim embættismönnum, er á tímabilinu 1871—75 höfðu verið í sama embætti og þeir höfðu, þegar lögin náðu lagagildi, þau hlunnindi, að þeir mættu halda tekjum þeim óskertum, er þeir hefðu haft að meðaltali um nefnt 5 ára bil. Aðrir embættismenn geti samkvæmt þeim ekki átt tilkall nema annaðhvort til þeirra launa, sem ákveðin eru í 4. gr. laga 14. desbr. 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta, eða til þeirra launa, sem þeir sjálfir hefðu haft á því tímabili. Lögin 14. desbrmán. 1877, 7. gr. eigi alls ekki við laun þau, sem embættunum voru lögð um nefnt 5 ára bil, heldur við laun embættismanna, og hvað sérstaklega snerti hinn stefnda, þá hafi honum fyrst verið veitt Húnavatnssýsla 1877, og því geti hann ekki byggt launakröfu sína á öðrum launaákvörðunum en lögum 14. desbrmán. 1877. Því áður hafi hann engan rétt haft og heldur ekki geti hann stuðst við hin alm. launalög 15. októbermán 1875.

Eins og áður er sagt, var hinn stefndi skipaður sýslumaður í Húnavatnssýslu 12. aprílmán. 1877 með þeim launum, sem áður segir, og voru þau í auglýsingu stjórnarráðsins um, að embættið væri laust, metin 5—6000 kr. að kostnaði og eftirgjaldi ófrádrægnu. Sama ár, 14. desbrmán., komu út lög um laun sýslumanna og bæjarfógeta. Eru laun sýslumannsins í Húnavatnssýslu þar ákveðin 3500 kr. En 7. gr. tjeðra laga mælir svo fyrir, að hinar almennu ákvarðanir í launalögum 15. októbermán. 1875 einnig skuli ná til sýslumanna og bæjarfógeta, og í 7. gr. síðast nefndra laga er svo ákveðið, að því, sem einhverjum samkvæmt fyrri launaákvörðunum hefir verið lagt meira í tekjur, en lagt er embætti því, sem hann hefir á hendi, í þessum eða öðrum launalögum, haldi hann sem viðbót, er honum sé veitt fyrir sjálfan hann.

Þessa grein skýrir 7. gr. launalaga 14. desbrmán. 1877 á þá leið, að tekjur þær, sem þeir hafa haft hingað til, skuli taldar eftir því, sem þær hafa verið að meðaltali um 5 ára bilið 1871—75. Loks segir í nefndri grein, að hvorki verði tekið af launum þeirra, né þau aukin, meðan þeir séu í sama embætti.

Þessi síðast nefnda ákvörðun er í beztu samhljóðan við bæði orð og anda 7. gr. í alm. launalögum 15. októbermán. 1875, sem sé, að ekki skuli rýra laun embættismanna þeirra, er voru í embættum þegar lögin náðu gildi, á meðan þeir halda sömu embættum, og virðist engin ástæða til að einskorða þetta við þá embættismenn, sem héldu sama embætti, þegar lögin náðu gildi, og þeir höfðu haft á tímabilinu 1871—1875. Þessi ákvörðun um 5 ára tímenn er auðsjáanlega ekki sett til að hlynna að þeim embættismönnum, sem höfðu setið í sama embætti síðan 1871, heldur er svona langt tímabil til tekið með tilliti til útreiknings tekjanna til þess að koma á sem mestum jöfnuði, því tekjur sýslnanna um 1 ár var svo óviss og óeðlilegur mælikvarði sökum þess, að tekjurnar gátu með hinum eldri gjaldmáta á einu ári vegna fellis, lækkað svo mjög, eins og þær líka gátu verið óvenjulega háar eitt ár, ef að t. a. m. mikil skipströnd báru að höndum.

Yfirdómurinn verður að álíta, að 7. gr. launalaga 14. desembermán. 1877, þegar hún, eins og vera ber, er þýdd í nánú og innilegu sambandi við 7. gr. í almennum launalögum 15. októbermán. 1875, hafi að geyma þá ákvörðun með tilliti til tekna alla þeirra sýslumanna og bæjarfógeta, sem voru í embætti 6. júní 1878, að þær skuli taldar eftir því, sem tekjur þær, er lagðar voru embættum þeim, sem þeir þá voru í, voru að meðaltali um 5 ára bilið 1871—75, enda mundi af hinni gagnstæðu þýð-

ingu, sem áfrýjandinn hefir haldið fram, leiða, að engin lagaákvörðun væri til um laun allra sýslumanna og bæjarfógeta, er ekki hefðu þjónað neinu embætti á þessu 5 ára tímabili, en fengið embætti áður en launalögin náðu gildi.

Af því, sem þegar er sagt, virðist eðlilega að leiða, að hinum stefnda beri í laun jafn mikið og meðaltalið af tekjum Húnavatnssýslu var á 5 ára bilinu 1871—75, það er 4,644 kr. 8 a., eða 3500 kr. samkvæmt 4. gr. launalaganna 14. desbr. 1877 og 1144 kr. 8. a. samkvæmt 7. gr. sömu laga og 7. gr. alm. launalaga 15. októbermán. 1875 sem viðbót fyrir sjálfan hann, og ber því í þessu máli að dæma honum þann hluta þessara 1144 kr. 8. sem fallinn var í gjalddaga 25. maímán. 1880 eða 476 kr. 70 a. ásamt 5 % ársvöxtum frá nýnefndum degi þangað til greitt er.

Málskostnaður fyrir báðum réttum virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum stefnda, sýslumanni Lárusi Þ. Blöndal, ber að fá greitt úr landssjóði 476 kr. 70 a. og 5 % árlega vexi af þessari upphæð frá 25. degi maímán. 1880 þangað til fé þessu er lokið.

Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Mánudaginn 14. febrúarmán.

Nr. 57/1880

Hið opinbera

gegn

Símoni S. Alexíussyni.

D ó m u r:

Með dómi lögregluréttar Ísafjarðar kaupstaðar, sem kveðinn var upp 1. dag. nóvembermán. f. á, var Símon S. Alexíusson verzlunarstjóri dæmdur í 10 kr. sekt til fátækra sjóðs nefnds kaupstaðar fyrir að hafa hlaðið að nýju